

Gerð er tillaga til breytinga á lögum SÍF, 7.kafli 19.gr.

Tillagan felur í sér að fjölda fulltrúa í stjórn SÍF verði fjölgað úr 7 í 9.

Merkt er með rauðu þær breytingar sem eru lagðar til.

7.KAFLI – KOSNINGAR OG KJÖRTÍMABIL

17. gr.

Allir framhaldsskólanemendur á Íslandi mega bjóða sig fram í framkvæmdastjórn SÍF.

Framboð skulu berast framkvæmdastjórn áður en auglýstur framboðsfrestur rennur út ár

hvert. Öllum sem bjóða sig fram skal gefinn kostur á að gera grein fyrir framboði sínu á

aðalþingi óháð því hvort um þingfulltrúa sé að ræða eður ei. Bjóði einstaklingur sig fram í

fleiri en eitt embætti hefur hann einungis rétt til að flytja eina framboðsræðu.

18. gr.

Í upphafi aðalþings skal þingið kjósa þrjá einstaklinga úr fráfarandi stjórn eða framkvæmdastjóra, í kosningarstjórn þingsins. Þó skal framkvæmdastjórnarfulltrúi ekki sitja í nefndinni hyggist hann bjóða sig fram í trúnaðarstöðu innan sambandsins.

Hlutverk kosningarstjórnar er að:

- Telja atkvæði.
- Gæta þess að kosningar gangi vel og fari lýðræðislega fram.
- Tilkynna úrslit kosninga og hlutfall atkvæða hvers framboðs fyrir þingfulltrúum.
- Kynna stöður innan framkvæmdarstjórnar fyrir þingfulltrúum.

19. gr.

Heimilt er að kjósa einstaklinga í stjórn í eitt ár að námi loknu í framhaldsskóla, á það við

kjörtímabilið sem hefst eftir að viðkomandi hættir við nám í framhaldsskóla.

Framkvæmdastjórn SÍF skal þó vera skipuð framhaldsskólanemum að meirihluta.

Kosning í framkvæmdastjórn skal fara fram leynilega og hver þingfulltrúi fær einn löggildan

kjörseðil fyrir hverja kosningu.

Fyrst er kosið í embætti forseta, því næst varaforseta, þá gjaldkera, alþjóðafulltrúa **og svo iðn-og verknefmafulltrúa**. Að

hverri kosningu lokinni telur kosningastjórn atkvæðin í einrúmi. Kosið er í hvert embætti

fyrir sig á tilteknum seðli. Að lokum er kosið í meðstjórn, **fjórar** stöður.

Sá frambjóðandi sem hlýtur flest atkvæði í hverri atkvæðagreiðslu er réttkjörinn fulltrúi í

framkvæmdastjórn. Ef tveir fulltrúar eða fleiri hljóta jafn mörg atkvæði skal kjósa á milli

þeirra aftur.

Sé einungis einn aðili í framboði fyrir tiltekið embætti skal kjósa um setu viðkomandi í

framkvæmdastjórn með því að rita já, nei, eða skila inn auðum kjörseðli. Séu fleiri atkvæði

JÁ en NEI telst frambjóðandinn kjörinn.

Rita skal aðeins eitt nafn eða ekkert á seðilinn. Í kjöri til meðstjórnenda má rita allt að þrjú

nöfn. Auður seðill telst sem hjáseta. Ef eitthvað annað en nafn löggilds frambjóðanda er

ritað á kjörseðilinn telst atkvæðið ógilt.

Ef sú staða kemur upp að ekki er hægt að fullmanna allar stöður innan framkvæmdastjórnar

er framkvæmdastjórn skylt að auglýsa þær stöður sem eru lausar og kjósa inn næsta fulltrúa

á löglegum fundi framkvæmdastjórnar.

20.gr. Kjörtímabil framkvæmdastjórnar er til tveggja ára. Stjórnarmeðlimir geta að hámarki setið

samfellt í stjórn félagsins í tvo kjörtímabil í senn. Forseti félagsins, varaforseti, gjaldkeri og

alþjóðafulltrúi geta að hámarki gegnt hlutverki sínu í tvo ár. Sérhver stjórnarmeðlimur sem

situr í stjórn félagsins getur hvenær sem er sagt starfa sínum lausu.